

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 2/2008

Kæra Sparibíls ehf. á ákvörðun Neytendastofu frá 19. mars 2008.

1. Þann 23. júní 2008 er tekið fyrir málið nr. 2/2008: Kæra Sparibíls ehf. á [ákvörðun](#) Neytendastofu frá 19. mars 2008. Í málinu úrskurða Ása Ólafsdóttir, Egill Heiðar Gíslason og Eyvindur G. Gunnarsson.
2. Með kærðu, dags. 16. apríl 2008, hefur Sparibíll ehf. kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu, dags. 19. mars 2008, um að auglýsingar Sparibíls á Volvo bifreiðum hafi brotið gegn ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005 um óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markaðarins.
3. Kæruheimild styðst við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

MÁLAVEXTIR

4. Með erindi Brimborgar til Neytendastofu, dags. 5. júlí 2007, var kvartað yfir auglýsingum Sparibíls á Volvo XC90. Í erindinu var á það bent að hinn 13. júní 2007 hefði birst í Blaðinu heilsíðuauglýsing frá fyrirtækinu Sparibíll þar sem Volvo XC90 hafi verið auglýstur með fyrirsögninni „[m]jilljóna verðbil á nýjum 2007 Volvo dísel“. Hinn 15. júní 2007 hafi aftur birst heilsíða í Fréttablaðinu og minni auglýsing um sama efni í Blaðinu sama dag. Þá hafi heilsíða birst í Fréttablaðinu 25. júní 2007. Í erindinu segir að Brimborg sé umboðsaðili fyrir Volvo bifreiðar á Íslandi og hafi gert samning um sölu og þjónustu við framleiðanda þeirra bifreiða. Lúti kvörtunin að efni auglýsingarinnar og fullyrðingum sem þar komi fram og á heimasíðu Sparibíls, www.sparibill.is, sem vísað sé til í auglýsingunni. Brimborg telji samanburðarauglýsingu Sparibíls hafa að geyma villandi upplýsingar og stangast á við 6. og 7. gr., einkum a- og e-liði, laga nr. 57/2005. Auk þess telji Brimborg viðskiptahætti Sparibíls ekki uppfylla kröfur 5. gr. sömu laga um góða viðskiptahætti.
5. Með bréfi Neytendastofu til Sparibíls, dags. 9. júlí 2007, var óskað skýringa og athugasemda félagsins við kvörtun Brimborgar. Því var svarað með bréfi Sparibíls til Neytendastofu, dags. 24. júlí 2007, þar sem gerðar voru athugasemdir í tilefni af erindi Brimborgar. Með bréfi Neytendastofu til Brimborgar, dags. 25. júlí 2007, var félaginu gefinn kostur á að koma að athugasemdum og skýringum við bréf Sparibíls, dags. 24. júlí 2007. Með bréfi Brimborgar til Neytendastofu, dags. 3. ágúst 2007, voru gerðar athugasemdir við bréf Sparibíls, dags. 24. júlí 2007. Með bréfi Neytendastofu til Sparibíls, dags. 17. ágúst 2007, var félaginu á ný gefinn kostur

á að koma að athugasemdum og skýringum við bréf Brimborgar, dags. 3. ágúst 2007 og var því svarað með bréfi Sparibíls til Neytendastofu, dags. 3. september 2007, þar sem gerðar voru athugasemdir við bréf Brimborgar, dags. 17. ágúst 2007.

6. Kærandi krefst þess að réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar verði frestað á meðan kæran er til meðferðar hjá áfrýjunarnefnd neytendamála. Úr svipuðu álitaefni hefur verið skorið af áfrýjunarnefnd neytendamála með úrskurði nr. 5/2007 í máli nr. 7/2007. Eins og fram kemur í þeim úrskurði hefur Neytendastofa litið svo á að í þeim tilvikum, þar sem bann samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005 tekur ekki gildi fyrr en eftir að áfrýjunarfrestur samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 rennur út, frestist réttaráhrif án kröfu. Ennfremur aðhafist Neytendastofa ekkert til að framfylgja ákvörðuninni fyrr en innan hæfilegs frests frá því að áfrýjunarnefndin hafi staðfest úrskurðinn. Að þessu virtu hafi Neytendastofa talið, í því máli, það vera í samræmi við jafnræðisreglu 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 að samþykkja kröfu kæranda um að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar. Að teknu tilliti til fyrrgreindrar stjórnarsýsluframkvæmdar Neytendastofu, sem ekki hefur verið upplýst um breytingar á, er ljóst að afstaða áfrýjunarnefndarinnar til kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa breytir engu um þá staðreynd að ákvörðunin verður ekki framfylgt af Neytendastofu fyrr en niðurstaða áfrýjunarnefndar liggur fyrir. Þegar ofangreint er virt, og hafðu sá skammi frestur sem málsmeðferð áfrýjunarnefndarinnar er settur, þykir kærandi ekki hafa nægilega hagsmuni af því að fallist verði á kröfu hans um að undantekningarreglu 2. mgr. 29. gr. laga nr. 37/1993 verði beitt í máli þessu og að fallist verði á að réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar verði frestað.

ÁKVÖRDUN NEYTENDASTOFU

7. Hinn 19. mars 2008 komst Neytendastofa að þeirri ákvörðun að Sparibíll hefði brotið gegn ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005 með fullyrðingum í blaðaauglýsingu um: „1. Milljóna verðbil á nýjum 2007 Volvo dísel. 2 Að áætlað verð á leiðsögukerfi sé kr. 320.000 hjá Brimborg. 3. Að heildarverð aukahluta sé að fjárhæð kr. 1.856.000 hjá Brimborg.“ Enn fremur hefði Sparibíll brotið gegn ákvæðum 6. gr. laga nr. 57/2005 með því á heimasíðu fyrirtækisins: „1. Að fullyrða að bílar keyptir hjá Sparibíl séu allt að 30% ódýrari en hjá umboðum og hægt sé að spara frá kr. 200.000 upp í 4.000.000 á einum bíl. 2. Að nota órökstudd reikningsdæmi sér í hag sem sýna verðmun á milli bifreiða keyptum hjá Sparibíl og hjá bifreiðaumboðum sem tekið hafa eldri bifreið upp í verð nýrra bifreiða.“ Þá hefði Sparibíll brotið gegn ákvæðum 5. gr. laga nr. 57/2005 með því að bjóða kaupendum bifreiðatryggingu, gegn gjaldi, fyrir göllum sem fram geti komið í bifreiðunum á því tímabili sem Sparibíll ber ábyrgð á samkvæmt lögum neytendakaup. Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005 bannaði Neytendastofa Sparibíl að birta í auglýsingu og á vefsíðu sinni framangreindar fullyrðingar og að bjóða framangreinda tryggingu. Bannið tæki gildi eftir fjórar vikur frá birtingu ákvörðunarinnar.
8. Í ákvörðuninni kemur fram að þrjár fullyrðingar, sem snúa að auglýsingu Sparibíls, séu brot á lögum nr. 57/2005. Í fyrsta lagi að fullyrðingu um „[m]illjóna verðbil á nýjum 2007 Volvo dísel“ megi skilja svo að Volvo dísel sem keyptur sé hjá Sparibíl sé milljónum ódýrari en sama bifreið hjá Brimborg. Af gögnum málsins sé ljóst að slíkur verðmunur sé ekki fyrir hendi. Þyki sú skýring

Sparibíls langsótt að fullyrðingin sé notuð sem orðatiltæki. Sé fullyrðingin því brot á ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005. Í annan stað segir Neytendastofa um þá staðhæfingu í auglýsingu Sparibíls „[a]ð áætlað verð á leiðsögukerfi sé kr. 320.000 hjá Brimborg“ að ósanngjarnt og villandi sé að gefa upp áætlað verð í ljósi þess að hluturinn sé ekki til sölu hjá Brimborg. Á það er bent að verðupplýsingar á leiðsögukerfi sé ekki að finna í verðlista Brimborgar og notist Sparibíll við áætlað verð og telji það upp með öðrum hlutum sem Brimborg bjóði upp á. Af gögnum málsins sé ljóst að leiðsögukerfið hafi ekki verið nothæft hér á landi þegar auglýsingin birtist. Verðsamanburður Sparibíls á leiðsögukerfi sé því brot á ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005. Í þriðja lagi segir í niðurstöðu Neytendastofu að fullyrðing Sparibíls um „[a]ð heildarverð aukahluta sé að fjárhæð kr. 1.856.000 hjá Brimborg“ haldist í hendur við aðra liði kvörtunarinnar. Þar sem sýnt hafi verið fram á að leiðsögukerfi sé ekki til staðar hjá Brimborg og því ekki mótmælt að vélarhitari sé staðalbúnaður í díselbílum frá Brimborg séu fullyrðingar um heildarverð og listaverð Brimborgar rangar. Sé fullyrðingin því brot á ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005.

9. Þá telur Neytendastofa tvö atriði, sem varða upplýsingar á heimasíðu Sparibíls, brjóta í bága við lög nr. 67/2005. Í fyrsta lagi fullyrðingu um „að bílar keyptir hjá sparibíl séu allt að 30% ódýrari en hjá umboðum og hægt sé að spara frá kr. 200.000 og upp í 4.000.000 á einum bíl“ en Neytendastofa kveður þau rök Sparibíls ófullnægjandi „að alkunna sé að bifreiðumboð selji bifreiðar hærra verði en sjálfstæðir innflytjendur.“ Þá sé fullyrðing um að unnt sé að fá Volvo XC90 premium bensín á 24% lægra verði hjá Sparibíl en Brimborg samkvæmt söluyfirliti ekki studd fullnægjandi rökum. Sé fullyrðingin því brot á 6. gr. laga nr. 57/2005. Í öðru lagi telur Neytendastofa Sparibíl „nota órökstudd reikningsdæmi sér í hag sem sýni verðmun á milli bifreiða keyptum hjá Sparibíl og hjá bifreiðumboðum sem tekið hafi eldri bifreið upp í verð nýrra bifreiða.“ Það sé villandi fyrir neytendur og ósanngjarnt gagnvart keppinautum og reikningsdæmin því brot á ákvæðum 6. gr. laga nr. 57/2005.
10. Loks telur Neytendastofa að Sparibíll hafi brotið gegn ákvæðum 5. gr. laga nr. 57/2005 með því að bjóða kaupendum bifreiðatryggingu, gegn gjaldi, fyrir göllum sem fram geti komið í bifreiðunum á því tímabili sem Sparibíll ber ábyrgð á samkvæmt lögum neytendakaup

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

11. Í kæru, dags. 16. apríl 2008, krefst kærandi þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Þá er þess óskað að áfrýjunarnefnd neytendamála fresti réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæran er til meðferðar fyrir nefndinni.
12. Kærandi bendir á að í auglýsingu hans hafi verið umferðarskilti þar sem staðið hafi „1 mio“. Þá hafi sagt neðst í auglýsingunni: „Mismunur alveg milljón ...“. Hvort tveggja skírskoti til verðmunar á sambærilega búinni bifreið af gerðinni Volvo XC90 hjá umboðinu annars vegar og hjá kæranda hins vegar. Neytendastofa taki ekki efnislega afstöðu til þessa í ákvörðun sinni. Ekki hafi verið ætlunin að blekkja með auglýsingunni. Hins vegar sé áréttað að á fjölda bifreiðategunda hafi verið margra milljóna verðmunur á sambærilega búnum bifreiðum hjá umboðsaðilum þeirra annars vegar og kæranda hins vegar.

13. Kærandi telur ósanngjarnar og rangar þær forsendur Neytendastofu að það sé „ósanngjarnt og villandi að gefa upp áætlað verð í ljósi þess að hluturinn sé ekki til sölu hjá Brimborg“. Hafi ekki verið ásetningur kæranda að blekkja með auglýsingunni. Kærandi hafi við samanburðinn stuðst við áreiðanlegar upplýsingar um verð slíks búnaðar í Evrópu. Hvorki þeirri staðreynd né viðmiðunarverði búnaðarins, kr. 320.000, hafi verið andmælt af hálfu Brimborgar. Til að sýna fulla aðgæslu hafi þess verið getið að verðið væri áætlað. Þá telur kærandi að ófært sé að telja að verðmæti kerfisins sé ekkert svo sem Brimborg virðist halda fram en einungis eigi eftir að gefa út kortagrunn fyrir kerfið. Um þá niðurstöðu Neytendastofu að „heildarverð aukahluta sé að fjárhæð kr. 1.856.000 hjá Brimborg“ vísar kærandi til umfjöllunar um leiðsögukerfið.
14. Þá gerir kærandi athugasemdir við forsendur og niðurstöðu Neytendastofu þess efnis „ekki [verði] annað ráðið en að fyrirtækið undanþiggi sig ábyrgð á þeim bifreiðum sem fyrirtækið selji.“ Slík undanþága sé væntanlega ekki heimil samkvæmt lögum nr. 48/2003 um neytendakaup. Bendir kærandi á að ábyrgðin sé lögbundin. Áréttar kærandi að þeirri tryggingu, sem hann veiti fyrir göllum, sé ekki ætlað að koma í stað þeirrar lögbundnu ábyrgðar sem hann beri á göllum.
15. Kærandi gerir jafnframt athugasemd við þá niðurstöðu Neytendastofu „að bílar keyptir hjá sparibíl séu allt að 30% ódýrari en hjá umboðum og hægt sé að spara frá kr. 200.000 og upp í 4.000.000 á einum bíl“ sé brot á 6. gr. laga nr. 57/2005. Kærandi telur sig hafa fært fram fullnægjandi gögn um þennan verðmun. Þá kveður kærandi fullyrðinguna ekki hafa átt við um Volvo XC90, sem fjallað hafi verið um í auglýsingunni, svo sem Neytendastofa virðist skilja hana. Þá kveður kærandi það hafa komið sér í opna skjöldu að Neytendastofa telji hann „nota órökstudd reikningsdæmi sér í hag sem sýna verðmun á milli bifreiða keyptum hjá Sparibíl og hjá bifreiðaumboðum sem tekið hafa eldri bifreið upp í verð nýrra bifreiða.“ Kveður kærandi að reikningsdæmin hafi verið tekin í dæmaskyni. Ítrekar hann að öllum hafi mátt ljóst vera að dæmin gætu ekki átt við um alla neytendur, óháð verði eða gerð bifreiðar. Þá bendir kærandi á að hann hafi ekki auglýst fullyrðinguna um að alkunna sé að bifreiðaumboð selji bifreiðar hærra verði en sjálfstæðir innflytjendur. Niðurstaða Neytendastofu sé því röng að þessu leyti. Loks áréttar kærandi að nánast allar bifreiðar sem hann flytji inn og selji hér á landi séu búnar loftkælingu. Hið sama hafi ekki gilt um bifreiðar seldar af íslenskum bifreiðaumboðum.
16. Með bréfi, dags. 22. apríl 2008, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Greinargerð Neytendastofu barst nefndinni 2. maí 2008. Krefst Neytendastofa þess að ákvörðun stofnunarinnar nr. 8/2008 verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Í greinargerð Neytendastofu kemur fram að engum vafa sé undirorpið að gefið sé í skyn í auglýsingunni með orðalaginu „milljóna verðbil“ að verðbil á nýjum Volvo dísel nemi milljónum króna sem Sparibill hafi ekki sýnt fram á. Þá telur Neytendastofa ósanngjarnt gagnvart Brimborg að tekið sé mið af áætluðu leiðsögukerfi hjá Brimborg. Bifreiðar félagsins hafi ekki þann búnað og gagnist ekki á Íslandi. Af þessu leiði einnig að fullyrðingin um að verð aukahluta sé kr. 1.856.000 standist ekki.
17. Í greinargerð Neytendastofu segir þetta um umfjöllun á heimasíðu kæranda: Um ábyrgð á bifreiðum, sem kærandi flytur inn, kveður Neytendastofa sig hafa talið að kærandi undanþægi sig ábyrgð á þeim bifreiðum sem hann seldi en slíkt sé í andstöðu við lög nr. 48/2003 um

neytendakaup. Neytendastofa telur kæranda ekki leggja fram fullnægjandi gögn fyrir fullyrðingunni um „að bílar keyptir hjá Sparibíl séu allt að 30% ódýrari en hjá umboðum og hægt sé að spara frá kr. 200.000 og upp í 4.000.000 á einum bíl“. Ekki nægi að segja „að alkunna sé að bifreiðumboð selji bifreiðar hærra verði en sjálfstæðir innflytjendur“ eins og fram komi í bréfi kæranda, dags. 24. júlí 2007. Enn fremur segir í greinargerð Neytendastofu að engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni fram á að reikningsdæmi á heimasíðu kæranda séu raunveruleg. Loks sé fullyrðing um að nánast allar bifreiðar sem kærandi flytji inn ekki studd neinum gögnum.

18. Með bréfi, dags. 6. maí 2008, var kæranda gefinn kostur á athugasemdum við umsögn Neytendastofu. Athugasemdir bárust með bréfi kæranda, dags. 16. maí 2008. Kærandi vísar til fyrri rökstuðnings í heild sinni. Hann tekur einnig fram að hann hafi ekki tekið mið af áætluðu leiðsögukerfi hjá Brimborg heldur einungis komið á framfæri áætluðu verði á búnaðinum með hliðsjón af verði í Evrópu. Þá kveður kærandi það misskilning hjá Neytendastofu að hann hafi ætlað að undanþiggja sig ábyrgð með upplýsingum á heimasíðu sinni. Bendir kærandi á að Neytendastofa vísi ekki til einstakra setninga eða málsgreina niðurstöðu sinni til stuðnings, enda sé ekkert í textanum sem styðji ályktun hennar. Þá bendir kærandi á að hann hafi ekki auglýst þá fullyrðingu að seljendur bifreiða fái jafnan lægsta verðið fyrir bifreiðar sínar með því að setja þær upp í aðra bifreið hjá bifreiðumboðunum. Þetta hafi einungis komið fram í greinargerð kæranda til Neytendastofu, dags. 24. júlí 2007. Áréttað er að kærandi haldi því ekki fram að þau reikningsdæmi, sem til úrlausnar séu, hafi verið byggð á raunverulegum tölum. Loks víkur kærandi að því að fullyrðing um loftkælingu á heimasíðu hans snúið að því að loftkæling og ýmiss annar búnaður sé almennt til staðar í þeim bifreiðum sem kærandi hafi á boðstólunum. Virðist sem Neytendastofa blandi saman annars vegar auglýsingum á heimasíðu kæranda og hins vegar því sem fram hafi komið í greinargerðum hans til Neytendastofu.
19. Með bréfi, dags. 20. maí 2008 voru skjöl málsins send Brimborg til upplýsingar. Engin viðbrögð bárust af hálfu félagsins.

NIÐURSTAÐA

20. Í málinu krefst kærandi þess að ákvörðun Neytendastofu frá 19. mars 2008 verði felld úr gildi og tekin ákvörðun þess efnis að kærandi hafi ekki gerst brotlegur við ákvæði laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og að ekki sé ástæða til aðgerða í málinu. Í niðurstöðu Neytendastofu er fallist á nánar tilgreindar athugasemdir Brimborgar. Annars vegar atriði varðandi auglýsingu Sparibíls, sem snerta í fyrsta lagi „[m]illjóna verðbil á nýjum 2007 Volvo dísel“, í öðru lagi „[a]ð áætlað verð á leiðsögukerfi sé kr. 320.000 hjá Brimborg“ og í þriðja lagi „[a]ð heildarverð aukahluta sé að fjárhæð kr. 1.856.000 hjá Brimborg“. Hins vegar atriði er varða upplýsingar á heimasíðu Sparibíls, þ.e. í fyrsta lagi fullyrðingu um „að bílar keyptir hjá Sparibíl séu allt að 30% ódýrari en hjá umboðum og hægt sé að spara frá kr. 200.000 og upp í 4.000.000 á einum bíl“ og í öðru lagi að „nota órökstudd reikningsdæmi sér í hag sem sýna verðmun á milli bifreiða keyptra hjá Sparibíl og hjá bifreiðumboðum sem tekið hafa eldri bifreið upp í verð nýrra bifreiða“. Þá telur Neytendastofa að Sparibíll hafi brotið gegn ákvæðum 5. gr. laga nr. 57/2005 með því að bjóða kaupendum bifreiðatryggingu, gegn gjaldi,

fyrir göllum sem fram geti komið í bifreiðunum á því tímabili sem Sparibíll ber ábyrgð á samkvæmt lögum neytendakaup.

21. Efst á auglýsingu Sparibíls er skilti þar sem stendur „1 mio“. Undir skiltinu segir „MILLJÓNA VERÐBIL ... á nýjum 2007 Volvo Dísel“. Fyrir neðan textann er mynd af bifreiðinni, sem um er að ræða, Volvo XC90, og stutt umfjöllun um hana. Þá er umfjöllun um „staðalbúnað“. Því næst eru rakin „dæmi um aukabúnað umfram staðalbúnað sem er í einum þessara bíla (á pakka verði)“ en neðan við þá umfjöllun segir í feitletruðum stærri stöfum: „Listaverð með þessum búnaði: frá 8.300 þús. til 8.450 þús.“. Neðan við þá setningu segir í enn stærri feitletruðum stöfum: „Okkar verð: frá 7.250 til 7.390 þús.“ en þar á eftir segir: „Mismunur alveg milljón ...“. Í 6. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum. Þó að í auglýsingu kæranda sé að finna mynd af umferðarskilti, sem gefi til kynna einnar milljónar króna verðmun á Volvo dísel, samanburð á verði kæranda og Brimborgar og orðin „mismunur alveg milljón“ stendur setningin „MILLJÓNA VERÐBIL ... á nýjum 2007 Volvo Dísel“ í stóru letri efst á síðunni. Að mati áfrýjunarnefndar er sú fullyrðing röng í skilningi 6. gr. laga nr. 57/2005. Breytir þá engu, eins og hér stendur á, þótt annars staðar komi fram í auglýsingunni að átt sé við að munurinn sé milljón. Hafa verður í huga að setningin „MILLJÓNA VERÐBIL ... á nýjum 2007 Volvo Dísel“ er í stóru letri á áberandi stað í auglýsingunni. Af þessu leiðir einnig að auglýsingin felur í sér villandi samanburð í skilningi a. liðar 2. mgr. 7. gr. laga nr. 57/2005. Með skírskotun til framanritaðs er því á það fallist með Neytendastofu að kærandi hafi með auglýsingunni brotið gegn 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005.
22. Í auglýsingu kæranda var jafnframt tekið dæmi um aukabúnað umfram staðalbúnað hjá Brimborg „leiðsögubúnaður (áætlað) um 320 þúsund“. Við mat á því hvort kærandi hafi brotið gegn lögum nr. 57/2005 með auglýsingu sinni verður að horfa til þess að í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 57/2005 segir að samanburðarauglýsingar séu allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinautar eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður. Í málinu liggur fyrir að keppinautur kæranda, Brimborg, bauð ekki til sölu þann leiðsögubúnað sem kærandi miðaði samanburð sinn að þessu leyti við. Í þessu ljósi þykir því ekki skipta máli hvort kærandi hafi sýnt fram á að verðið, sem skírskotað er til í auglýsingunni, sé raunhæft viðmiðunarverð. Auglýsingin er því bæði villandi í skilningi 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 og ósanngjörn gagnvart Brimborg vegna forms hennar og þess að skírskotað er til óviðkomandi mála, sbr. 2. mgr. 6. gr. sömu laga. Engu að síður má á það fallast með kæranda að ekki skiptir máli um niðurstöðuna hvort leiðsögukerfið hafi verið nothæft hér á landi þegar auglýsingin birtist, hvað svo sem síðar verður.
23. Að fenginni niðurstöðunni hér að framan um leiðsögubúnað, verður að telja þá fullyrðingu í auglýsingu kæranda að „aukahlutir umfram staðalbúnað að verðmæti kr. 1.856.000“ fái ekki staðist. Er niðurstaða Neytendastofu því staðfest að þessu leyti.
24. Að því er varðar upplýsingar á heimasíðu kæranda komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að fullyrðingin um „að bílar keyptir hjá Sparibíll séu allt að 30% ódýrari en hjá umboðum og hægt sé að spara frá kr. 200.000 og upp í 4.000.000 á einum bíl“ væri brot á 6. gr. laga nr. 57/2005. Fallast verður á það með kæranda að með tilvitnuðum orðum sé ekki sérstaklega átt við Volvo XC90

enda selur kærandi ýmsar aðrar tegundir bifreiða. Í málatilbúnaði sínum hefur kærandi bent á ýmis dæmi um að verðmunur sé með þeim hætti sem segir í tilvitnaðri fullyrðingu. Þessu til stuðnings hefur hann lagt fram gögn sem telja verður að sanni réttmæti fullyrðingarinnar. Þannig verður m.a. ráðið að verð á Mercedes Benz R350 hafi verið 33% lægra hjá kæranda en umboðsaðila bifreiðarinnar en í málinu liggur fyrir reikningur kæranda frá 3. maí 2007 og verðlisti umboðsins. Þá liggur fyrir tölvupóstur frá Brimborg sem telja verður, með hliðsjón af upplýsingum um verð bifreiða sem kærandi bauð til sölu, að sanni að kærandi hafi selt Volvo XC90 3,2 bensín á 34% lægra verði en Brimborg. Þá hefur kærandi lagt fram reikning frá Brimborg, dags. 1. júní 2007, sem sýnir rétt grunnverð Volvo XC90 3,2 bensín. Miðað við að tilteknum aukabúnaði sé bætt við telur kærandi að bifreiðin sé 30% eða 34% dýrari hjá umboðinu en hjá honum eftir því hvaða dagsetningu gengi íslensku krónunnar er miðað við. Loks nefnir kærandi að nýr Range Rover Supercharged hafi verið seldur hinn 25. mars 2008 á 11.500.000 krónur (án bifreiðagjalda) og hefur hann lagt fram reikning því til stuðnings en sams konar bifreið kosti samkvæmt verðskrá umboðsins dags. 27. mars 2008 20.400.000 krónur, þ.e. 42,6% verðmunur. Réttmæti þessara gagna hefur ekki verið dregið í efa, hvorki af hálfu Neytendastofu né Brimborgar. Að mati áfrýjunarnefndar teljast því þau gögn, sem kærandi hefur lagt fram, lögfull sönnun um réttmæti fullyrðingar hans um „að bílar keyptir hjá Sparibíl séu allt að 30% ódýrari en hjá umboðum og hægt sé að spara frá kr. 200.000 og upp í 4.000.000 á einum bíl“.

25. Í niðurstöðu Neytendastofu segir að á heimasíðu sinni noti kærandi „órökstudd reikningsdæmi sér í hag sem sýna verðmun á milli bifreiða keyptra hjá Sparibíl og hjá bifreiðumboðum sem tekið hafa eldri bifreið upp í verð nýrra bifreiða“. Þó að fallast megi á það með kæranda að neytendum megi ljóst vera að ekki sé víst að fullyrðingin eigi við um þeirra bifreið, er fullyrðingin ekki studd neinum gögnum. Af þessu leiðir að fullyrðinguna verður að telja villandi fyrir neytendur og ósanngjarna gagnvart keppinautum. Er því staðfest sú niðurstaða Neytendastofu að reikningsdæmin feli í sér brot á ákvæðum 6. gr. laga nr. 57/2005.
26. Þá telur Neytendastofa að Sparibíll hafi brotið gegn ákvæðum 5. gr. laga nr. 57/2005 með því að bjóða kaupendum bifreiðatryggingu, gegn gjaldi, fyrir göllum sem fram geti komið í bifreiðunum á því tímabili sem Sparibíll ber ábyrgð á samkvæmt lögum neytendakaup. Á heimasíðu kæranda eru m.a. upplýsingar um ábyrgð vegna galla, sem kunna að koma fram í seldum bifreiðum, tryggingu fyrir bilunum og framleiðslugöllum. Þar er með almennum hætti vísað til tryggingar sem viðskiptavinir geta tekið hjá tryggingafélagi til allt að fimm ára fyrir bilunum og göllum sem upp kunna að koma. Að mati áfrýjunarnefndar er ekkert á heimasíðunni sem gefur tilefni til að ætla að kærandi undanþiggi sig beinlínis hinni lögbundnu ábyrgð sem hann ber samkvæmt lögum nr. 48/2003 um neytendakaup.
27. Samkvæmt framansögðu er fallist á ákvörðun Neytendastofu í máli hennar nr. 8/2008 að því er varðar þá niðurstöðu að kærandi hafi brotið gegn ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005 með fullyrðingum í blaðaauglýsingum um milljóna verðbil á nýjum 2007 Volvo Dísel, að áætlað verð á leiðsögukerfi sé kr. 320.000 hjá Brimborg og að heildarverð aukahluta sé að fjárhæð kr. 1.856.000 hjá Brimborg. Enn fremur að hann hafi brotið gegn ákvæðum 6. gr. laga nr. 57/2005 með því á heimasíðu sinni að nota órökstudd reikningsdæmi sér í hag sem sýna verðmun milli

bifreiða keyptrá hjá kæranda og bifreiðaumboðum sem tekið hafa eldri bifreið upp í verð nýrra bifreiða. Að öðru leyti er ákvörðun Neytendastofu felld úr gildi.

ÚRSKURÐARORÐ:

Kærandi hefur brotið gegn ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins með fullyrðingum í blaðaauglýsingum um:

1. Milljóna verðbil á nýjum 2007 Volvo Dísel.
2. Að áætlað verð á leiðsögukerfi sé kr. 320.000 hjá Brimborg.
3. Að heildarverð aukahluta sé að fjárhæð kr. 1.856.000 hjá Brimborg.

Kærandi hefur brotið gegn ákvæðum 6. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins með því á heimasíðu sinni að nota órökstudd reikningsdæmi sér í hag sem sýna verðmun milli bifreiða keyptrá hjá kæranda og bifreiðaumboðum sem tekið hafa eldri bifreið upp í verð nýrra bifreiða.

Ása Ólafsdóttir

Egill Heiðar Gíslason

Eyvindur G. Gunnarsson